

71. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir 1863.
vesturumdæminu, um hjónaskilnað að borði og sæng. 8. septbrn.

Eptir að dómsmálastjórnin nú er búin að fá aptur með álitsskjali yðar, herra amtmaður, dagsettu 3. júnímán. þ. á., bænarskrá Helgu Jóhönnu Magnúsdóttur, um að henni verði veitt leyfi til að skilja að borði og sæng við mann sinn, Jens Kristján Arngrímsson, járnsmið, skal yður hérmeð kunngjört, að stjórnarráðið verður að fela amtinu á hendur að veita henni leyfisbréf til skilnaðar þessa, á þann hátt, að hlutaðeigandi skiptaréttur skipti félagsbúi þeirra hjóna, ef þau ekki sjálf geta komið sèr saman um skipti á því.

72. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins 9. septbrn.
yfir Íslandi, um styrk handa Einari Hannessyni,
fyrirum hreppstjóra og spítalaforstjóra.

Útaf bænarskrá, er þér, herra stiptamtmaður, senduð dómsmálastjórninni með bréfi 24. marzm. þ. á., hefir stjórnarráðið veitt Einari Hannessyni úr Árnessýslu, fyrirum hreppstjóra og spítalaforstjóra, 20 ríkisdala styrk, og hefir landfógetanum á Íslandi í dag verið boðið að greiða fè þetta úr jarðabókarsjóðnum.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, og til þess þér kunngjörið það hlutaðeiganda.

73. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir 9. septbrn.
norður- og austurumdæminu, um borgun handa
Jóni Danielssyni á Fallandastöðum fyrir að afgreiða
póst í Hrútafirði.

Með bréfi yðar, herra amtmaður, 5. maím. þ. á. fékk stjórnarráðið bænarskrá frá Jóni Danielssyni á Fallandastöðum í Húnavatns sýslu, um að honum verði veitt árleg þóknun fyrir það, að hann afgreiðir póstin í Hrútafirði, í líking við þá þóknun, er veitt hefir verið öðrum, er afgreiða pósta. Útaf þessu skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess